

Hvergerðingar stækka íþróttahúsið við Skólamörk

Áform um að stækka íþróttahúsið að Skólamörk 2-6 í Hveragerði var samþykkt samhljóða á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar fyrir jól. Ástæður áformanna eru aðstöðuleysi fimleikadeildar Hamars og bágar aðstæður körfuboltadeildar, auk þess hafi áformum um endurreisn Hamarshallar hafi verið slegið á frest. Framkvæmdir munu hefjast á þessu ári og er markmiðið að koma húsinu í notkun á næsta ári.

Í stækkunar-tillögu er lagt til að núverandi íþróttahús, sem er 2323 fermetrar, með áhorfendastúku fyrir allt að 400 manns, verði í tveimur áföngum stækkað um tæpa 1900 fermetra, eða 1470 í fyrri áfanga og 420 í

þeim seinni. Með stækkuninni batnar meðal annars aðstaða til íþróttæfinga verulega, hægt verður að æfa 2-3 íþróttir samtímis eða sömu íþrótt samtímis á fjölda valla. Þá kemur núverandi hús til með að nýtast áfram sem keppnishús á breytingatíma.

Stálgrindarhús tengt við núverandi íþróttahús

Í tillögunni er gert ráð fyrir að stækkunin verði stálgrindarhús á steyptri gólfplötu, veggir verði úr stálstöðum og yleiningum og klætt að utan með stáli. Vesturveggur núverandi íþróttahúss verður opnaður að hluta og mun tengja saman nýtt og gamalt íþróttahús. Þá mun gitterstálbitapak nýja hússins sitja að að hluta á styrktum



Mynd: Alark Arkitektar.

súlum í vesturvegg núverandi íþróttahúss.

Áform um fyrri áfanga, sem áætlað er að muni kosta um 605 milljónir, innihalda nýtt æfingahúsnæði, 1467 fm, með íþróttahúss.

gólfi, fimleikagryfju og opnun inn í eldra húsið. Í seinni áfanga, sem áætlað er að muni kosta tæpar 200 milljónir, stendur svo til að reisa 420 fm forrými með aðstöðu gesta og stoðrym ásamt

aðstöðu og aðgengi hreyfihamlaðra. Þá bætast við útdraganlegar áhorfendastúkur fyrir 360 manns.

HGL

Svanhildur Ólafsdóttir er sjálfboðaliði ársins



Tómas Torfason, formaður Almannaheilla, færir Svanhildi Ólafsdóttur viðurkenninguna sem sjálfboðaliði ársins 2023. Mynd: Almannaheill.

Almannaheill, samtök þriðja geirans, völdu Selfyssinginn Svanhildi Ólafsdóttur sem sjálfboðaliða ársins 2023 á alþjóðlegum degi sjálfboðaliðans í desember sl.

Svanhildur hefur sem formaður Krabbameinsfélags Árnessýslu, eflst starfsemi félagsins sem stendur nú í miklum blóma og styður við fólk með krabbamein og aðstandendur þeirra.

Í tilkynningu frá Almannaheillum segir að Svanhildur búi yfir mikilli reynslu og þekkingu sem hún deilir fúslega með öðrum og sé meðvituð um að árangur í félagsstarfi byggist á samvinnu og trausti.

Þá segir að valið á sjálfboðaliða ársins sé liður í að þakka þeim fjölmörgu sem leggja til tíma og orku í starfsemi félagasamtaka á ári hverju, Svanhildur sé góð fyrirmynd og öflugur fulltrúi úr þeirra hópi.

Ríflega tveggja milljón króna gjafir til HSU



Nánar á dfs.is

Á þriðjudag veitti Samband sunnlenskra kvenna lyflækningadeild, sængurkvennadeild og bráðamóttöku HSU á Selfossi veglegar gjafir að andvirði 2.232.747 kr. Mynd: Dagskráin/HGL

**Fáðu
fagmann
í verkið**



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2023

TOYOTA bZ4X
100% RAFMAGNSBÍLL



Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsia@keyrsia.is - www.keyrsia.is - f /keyrsia.is

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga vegna deiliskipulags í Rangárþingi eystra.

Brúnir 1 – breyting deiliskipulags

Með deiliskipulagsbreytingunni er verið að stækka byggingarreit og hámarks byggingarmagn fer úr 650 m² í 700 m². Markmið með breytingunni er að fjölga bílastæðum og hleðslustöðvum.

Ofangreinda deiliskipulagstillögu er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 11. janúar 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemd til 22. febrúar 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi skipulagstillaga í Rangárþingi eystra.

Brúnir 1 – Aðalskipulagsbreyting

Um er að ræða breytingu á skilmálum á verslunar- og þjónustusvæðinu (VP 17) á lóðinni Brúnir 1 L227590. Heildar byggingarmagn eykst úr 340 m² í 700 m².

Ofangreind skipulagslýsing verða kynntar fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarembætti Rangárþings eystra, þriðjudaginn 23. janúar 2024 kl 10:00 til 12:00, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Að auki er hægt að nálgast skipulagstillöguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 11. janúar 2024 með athugasemdarfrest til og með 22. febrúar 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli eða í gegnum Skipulagsgáttina.

F.h. Rangárþings eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

Helga hjúkrunarstjóri HSU í Vík í Mýrdal sæmd fálkaorðu

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sæmdi 14 Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum á nýársdag.

Helga Þorbergsdóttir hjúkrunarstjóri HSU í Vík í Mýrdal,

var ein þeirra fjórtán sem sæmd var riddarakrossi á nýársdag 2024 fyrir framlag til heilbrigðisþjónustu og sveitarstjórnar- og félagsstarfa í heimabyggð og er vel að því komin.

HSU sendir Helgu innilegar hamingjuóskir með heiðursmerkið.

HSU



Flest útköll á Suðurlandi

Flugdeild Landhelgisgæslunnar annaðist metfjölda útkalla árið 2023. Alls var flugdeildin kölluð 314 sinnum út í fyrra, bæði á þyrlum og flugvél sem er fimmtán útköllum meira en árið 2022.

Þyrlusveit Landhelgisgæslunnar var kölluð út 303 sinnum og áhöfnin á TF-SIF í 11 skipti. 115 útköll voru á fyrsta forgangi, 136 á öðrum forgangi, 51 útkall var á þriðja og 12 á fjórða.

Rúmlega helmingur allra útkalla flugdeildar Landhelgis-

gæslunnar í fyrra voru vegna sjúkraflutninga á landi eða á sjó eða 161 útkall.

Fjöldi sjúklinga var sam-

tals 183. Flest útköllin voru á Suðurlandi en þónokkur fjöldi var einnig á Suðurnesjum vegna jarðhræringa á Reykjanesi.



Kristbjörg forstöðumaður íþróttamannvirkja Bláskógabyggðar

Kristbjörg Guðmundsdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður íþróttamannvirkja Bláskógabyggðar. Aðdragandi þess er sá að á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar í september sl. var samþykkt að leggja niður stöður beggja forstöðumanna íþróttamiðstöðva Bláskógabyggðar og koma í staðinn á stöðu forstöðumanns íþróttamannvirkja

Bláskógabyggðar frá 1. janúar sl. Undir hina nýju stöðu heyra rekstur Íþróttamiðstöðvarinnar í Reykholti og Íþróttamiðstöðvarinnar á Laugarvatni, auk umsjónar með íþróttavöllum á Laugarvatni og í Reykholti.

Forstöðumönnum beggja íþróttamiðstöðvanna var boðið að taka þátt í matsferli vegna ráðningar í hið nýja starf. Niður-



staða þess var sú sem að framan greinir og hefur Kristbjörg tekið við starfinu.

Kristbjörg er með BSc gráðu í sálfræði og hefur starfað sem forstöðumaður Íþróttamiðstöðvarinnar á Laugarvatni frá því í ársbyrjun 2019, þar sem hún starfaði áður sem sundlaugarvörður.



Bláskógabyggð



Annáll Krabbameinsfélags Árnessýslu 2023

Þau eru fá lýsingarorðin sem ná yfir hversu stórkostlegt árið 2023 hefur verið í starfsemi Krabbameinsfélags Árnessýslu. Við lögðum af stað inn í árið með margar stórar hugmyndir og þetta dagskrá sem saman stóð af fjölbreyttum viðburðum, fræðslum, námskeiðum og fjölmörgum tækifærum til samveru og nærandi félagskappar. Á vorönninni fengum við Hlyn Níelsson krabbameinslækni í heimsókn til okkar þar sem hann fræddi okkur um geislameðferð, árangur og áhrif. Við fengum Dr. Erlu Björnsdóttur til okkar með fyrirlestur um svefn, Ásthildi Garðarsdóttur með fyrirlestur um jákvæða sálfræði, Elfar Þór Bragason sálfræðing með fyrirlestur um kvíða, Þurý Gísla kynnti okkur fyrir Reikiheilun auk þess sem hún bauð félagsmönnum að þiggja tíma í slíkri meðferð. Vorferðin var farin á Akranes í júní og boðið var í sumar kaffi á Eyraveginum áður en okkar öflug sjálfbóðaliðar fengu sitt verðskuldaða sumarfrí. Okkar skemmtilega og árlega samstarf við GK bakarí í mottumars vakti verðskuldaða athygli á mottumars daginn og voru margir sem gæddu sér á nýsteiktum ástarpungum með morgunkaffinu þann daginn. Í apríl var Krabbameinsfélag Árnessýslu gestgjafar Styrkleikanna í annað sinn, en viðburðurinn var haldinn í fyrsta sinn á Íslandi árið 2022 og var félagið þá einnig gestgjafi viðburðarins. Við nutum aðstoðar frá gríðarlega mörgum sjálfbóðaliðum úr okkar öfluga samfélagi varðandi skipulag og framkvæmd við-

burðarins. Það væri of langt mál að telja upp alla þá einstaklinga og fyrirtæki sem komu að viðburðinum með einum eða öðrum hætti en allir eiga þeir okkar innilegustu þakkir skilið. Allt listafólk sem kom fram á viðburðinum lagði fram vinnu sína endurgjaldslaut og fá einnig okkar bestu þakkir. Í byrjun haustannar komu sjálfbóðaliðar ferskir til starfa og stóðu áfram vaktina í opnu húsi þrjá daga vikunnar þar sem tekið er á móti gestum með rjúkandi kaffi og oft gómsætu bakkelsi. Dagskráin var ekki síður fjölbreytt á síðustu fjórum mánuðum ársins en október var þar mest áberandi. Helgi Hafsteinn krabbameinslæknir heimsótti karlahópinn okkar og átti fræðandi spjall um karla og krabbamein. Bleika boðið var haldið í byrjun október á Hótel Selfossi og voru rúmlega fjögur hundruð manns sem sóttu það og gæddu sér á góðum mat frá veitingamanninum Tómasi Þór-odds. Happraðttisvinningarnir í Bleika boðinu verða sífellt veglegri og fóru fjórmargir gestir heim með glæsilega vinninga. Bleika boðið er stærsti fjáröflunarviðburður félagsins og hefur á síðustu fimm árum fest sig í sessi í starfsemi félagsins. Félagið tók virkan þátt í vitundarvakningunni sem fer fram á landsvísi í bleikum október um krabbamein hjá konum. Fulltrúar félagsins voru þátttakendur í bleikum messum, skreyttu bæinn bleikann og tóku á móti gestum á Eyraveginum með bleikum veitingum. Endurhæfing á vegum félagsins tekur á andlegum, líkam-

legum og félagslegum þáttum og hefur félagið notið starfskrafta fagaðila sem hafa komið að endurhæfingunni. Félagið hefur einnig notið einstakrar samvinnu við Crossfit Selfoss og Yoga Sálir þar sem líkamleg endurhæfing hefur farið fram. Í desember var lögð áhersla á samveru og að hlúa að andlegu hliðinni því raunin er því miður sú að sorgin og söknuðurinn verður oft fyrirferðarmeiri yfir hátíðina. Boðið var uppá sál-gæslu sem leidd var af Möggu Steinu sál-gæti, piparkökuhúsi voru máluð og skreytt í samveru með börnunum, félagsmenn bjuggu til hurðakransa, nutu fræðslu um núvitund og gæddu sér á gómsætum jólamat í Tryggvaskála í góðra vina hópi. Félagið naut ríkulegra styrkja á árinu, bæði frá félagasamtökum, einstaklingum, fyrirtækjum, skólasamfélagi FSu og fjölskuldum. Slíkir styrkir eru okkur gríðarlega mikilvægir til áframhaldandi uppbyggingar á starfsemi okkar auk þess sem styrkir gera okkur kleift að halda úti þeirri öflugu starfsemi sem Krabbameinsfélag Árnessýslu hefur haldið úti síðustu ár. Það er ómetanlegt af finna og upplifa samhuginn í samfélaginu til málefnsins. Við horfum til komandi árs með jákvæðum huga, sjáum tækifæri til að eflast og mæta þörfum okkar samfélags á ýmsan hátt. Áhersla verður lögð á að mæta þörfum aðstandenda og fjölskyldna á nýju ári. Þegar ástvinur okkar greinist með krabbamein þá hefur það áhrif á okkur öll og stundum þurfum við aðstoð eða leiðbeiningar um hver okkar hlutverk eru eða hvernig við getum tekist á við tilfinningarnar sem fylgja því að ástvinur okkar veikir. Við hvetjum ykkur til að fylgjast með fréttum af starfsemi okkar á heimasíðunni www.krabbameinsfelagarnessyslu.net og á Facebook-síðu félagsins. Með innilegum þökkum fyrir dýrmætar samverur og stuðning á líðandi ári.

Megi nýja árið
færa ykkur góða heilsu,
Stjórn Krabbameinsfélags
Árnessýslu

SUB EHF

HLJÓÐ - LJÓS - MYND

ALLT SEM VIÐKEMUR TÓNLIST

subkerfi@gmail.com 8467713

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is

Harpa Heimisdóttir
842 0204

Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is
dfs.is · Eyravegur 25, Selfoss

Bréfpokar í stað maíspoka fyrir matarleifar

Breyting hefur verið gerð á söfnun á matarleifum við heimili og stofnanir í Árborg og má nú ekki lengur nota maíspoka undir matarleifarnar. Eingöngu má nota bréfpoka. Breytingin tók gildi um áramót og eftir að lífrænar tunnur hafa verið losaðar í byrjun árs verða lífrænar tunnur sem innihalda maíspoka ekki losaðar framvegis. Ástæða breytinganna er sú að matarleifar frá þessum svæðum fara nú í gas-og jarðgerðarstöðina GAJA og brotna bréfpokarnir betur niður og festast síður í vélbúnaðinum sem þar er. Pokar og körfur eru til afhendingar á fimm stöðum í Árborg á meðan birgðir endast. Ráðhúsið Austurvegi 2, Þjónustumiðstöð/Selfossveitur, Austurvegi 67, Gámasvæðið Víkurheiði 4, Bakkinn, Eyrarbakka og Skálinn, Stokkseyri.

Innflutningsfyrirtæki í heilsugeiranum með heildverslun og vefverslun til sölu.

Góður lager og hagstæður leigusamningur á skrifstofu fylgir. Áhugasamir hafið samband við Elínborgu hjá Allt fasteignasölu. elinborg@allt.is

Verkefnisstjóri óskast

Njálurefilinn ses. leitar að drifandi einstaklingi sem er sjálfstæður í vinnubrögðum og hefur reynslu af áætlanagerð og verkefnastjórnun.

Um verkefnið:

Njálurefilinn var saumaður á Hvolsvelli á árunum 2013 til 2020. Um er að ræða handsaumað veggteppi úr hör og ull sem er 50 cm á hæð og 90 metra langt og segir Njálssögu á myndrænan hátt.

Starf verkefnisstjóra felst fyrst og fremst í því að afla gagna og vinna að áætlanagerð og framkvæmd þeirra. Jafnframt að skapa umgjörð um listaverkið til sýningar og kynna það, en verkið hefur mikla þýðingu í ferðapjónustu og í samfélagi heimamanna.

Njála er ein þekktasta fornsagan sem við Íslendingar eigum og mjög margir erlendir ferðamenn og fræðimenn gera sér ferð til landsins til að skoða söguvið sögunnar, sem er ljóslifandi allt í kringum okkur á Suðurlandi.

Menntunar- og hæfniskörfur:

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Menntun sem nýtist í starfi, svo sem við gerð viðskipta-, kostnaðar-, og markaðsáætlunar
- Þekking á sögu og menningu, svo sem Njálssögu og miðöldum er æskileg.
- Þekking á vefumsjónarkerfum og vinnu við samfélagsmiðla.
- Reynsla af gerð styrktarumsókna æskileg.

Tímarammi starfs:

Gert er ráð fyrir að verkefnið standi yfir í 6 mánuði með endurskoðun um framhald að þeim tíma liðnum. Starfið er án staðsetningar en verkefnisstjóri mun hafa aðgengi að vinnurými á Hvolsvelli. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf í febrúar 2024

Umsóknarfrestur og upplýsingar

Umsóknir skal senda á netfangið hvolsvollur@hvolsvollur.is fyrir 31. janúar nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Tómas Birgir Magnússon, tomas@hvolsvollur.is



Glaðlegir dansar hljóma í bland við tregafulla tóna

Laugardaginn 20. janúar kl. 17:00 koma Sólveig Thoroddsen hörpuleikari og söngkona og Sergio Coto Blanco lútuleikari fram í Kotstrandarkirkju og leika tónlist sem hljómar sjaldan hérlendis. Á efnisskránni er ensk tónlist frá tímum Shakespeares og Elísabetar I Englandsdrottningar leikin á hljóðfæri frá þeim tíma. Gláðlegir dansar hljóma í bland við tregafulla tóna, jafnt sönglög sem hljóðfæratónlist. Eftir tónleikana verður diskur með verkum úr efnisskránni til sölu á 3.000 kr. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis en frjáls framlög eru vel þegin.



Fyrsta barn ársins

Fyrsta barn ársins fæddist á ljósmæðravakt HSU þann 4. janúar. Það var myndardrengur 3.890 gr. og 50 sm. Hann er fyrsta barn foreldranna en þau eru Madalina-Maria Suba og Gheorghe-Iulian Suba búsett á Selfossi. Við óskum þeim hjartanlega til hamingju með drenginn sinn.

HSU



Ánægjuleg byrjun á nýju ári



Listasafn Árnesinga fagnar því á nýju ári að sýningin Kosmos/Kaos sem var í safninu fram að jólum var valin en af áhugaverðustu sýningum síðasta árs. Í yfirliti Dr. Hlyn Helgasonar listfræðings (í Morgunblaðinu 3. jan.) segir: „Sýningin öll er eins og gerð til að undirbúa áhorfandann fyrir titilverk hennar, mynd-

röðina Kosmos/Kaos frá 2021. Þetta er röð fimm mynda þar sem ólíkar áherslur eru dregnar, áherslur sem magnast upp í samspili myndanna. Hér beitir Ragnheiður Jónsdóttir kolunum af sérstakri snilld. Hún dregur fram sterka myndheima, sem hver ber sín eigin sérkenni en fellur jafnframt að heildinni. Hér eru dregnar skýrar línur og kámaðar; maður sér fyrir sér þá líkamlegu vinnu sem hefur farið í myndgerðina, hendur að stýra kolastríkunum, hendur að stroka út, nudda með allan líkamann undir í senn. Hér er um að ræða öflugra sýningu þar sem hægt er að fá yfirlit yfir feril afar merkilegs listamanns. Að auki eru á sýningunni ný verk þar sem Ragnheiður heldur áfram að þróa myndheim sinn. Hér tekst

henni, enn og aftur, að koma á óvart með nýjungum í tækni og krafmíkilli persónulegri tjáningu.“

Hér má hlaða niður sýningar-skránni ókeypis og einnig hlusta á listamannaspjall við Ragnheiði sem hélt upp á níraðisafmæli sitt á síðasta ári:

<https://listasafnarnesinga.is/hveragerdi/syningar/kosmos-kaos/>

Listasafn Árnesinga þakkar allar heimsóknirnar á síðasta ári og vonast til að sjá ykkur öll á árinu. Fjórar nýjar einkasýningar verða opnaðar 2. mars og fer tími starfsmanna í viðhald á húsnæði og skiptingu sýninga og verður safnið lokað þangað til 2. mars.

Gleðilegt nýtt ár.
Listasafn Árnesinga



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegí 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaeld: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Í mitt veski aldrei fer,
og á trénu laufskrud ber.
Á jarðbor þessi einnig er,
engin heil í skolti mér.

Svar við gátu í blaði 2734: GULL
1. lína: KvennaGULL - 3. lína: BarnaGULL
4. lína: FingurGULL / hringur

Vísagátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR



FSu áfram í Gettu betur



Fyrsta umferð í Gettu betur hófst á Rás2 sl. mánudag. Lið FSu atti þar kappi við lið Borgarholtsskóla og sigraði örugglega 35-15.

Eins og mörgum er kunnugt náði skólinn öðru sæti í keppninni í fyrra með liði skipuðu þeim Ásrúnu Aldísi Hreinsdótt-

ur, Elínu Karlsdóttur og Heimi Árna Erlendssyni. Ásrún hefur nú útskrifast og hefur Valgir Gestur Eysteinnsson tekið hennar stað í liðinu við hlið Elínar og Heimis. Þjálfari liðsins er sem fyrr íslenskukennarinn Stefán Hannesson.

Önnur umferð verður 17. og

18. janúar og sjónvarpsútsendingar hefjast 8. febrúar.

Þegar þetta er ritað eru örfáar klukkustundir í að ML mæti Verzló í sömu umferð og bindum við miklar vonir við að fjalla um gott gengi þeirra í næsta blaði.

HGL

Módelteikning í Listasafninu

Áundanförnum árum hefur Guðrún A. Tryggvadóttir myndlistarmaður staðið fyrir ýmsum námskeiðum í myndlist, bæði í Listasafni Árnesinga sem og víðar á Suðurlandi en árlegur viðburður er janúarnámskeið í módelteikningu- og málun í Listasafni Árnesinga. Í ár verður námskeiðið haldið helgina 20. og 21. janúar. Teiknað verður eftir lifandi módeli í lengri og styttri stellingum með fjölbreyttum tæknaðferðum. Námskeiðið er öllum opið, bæði byrjendum sem lengra komnum, á meðan pláss leyfir.

Í námskeiðinu er lögð aðaláhersla á flæði og persónulega tjáningu og fjölbreyttar leiðir til að takast á við að teikna og mála mannlíkamann.

Námskeiðið hefst kl. 10:00 báða dagana og lýkur kl. 17:00.

Allar nánari upplýsingar og skráning á gudrun@tryggvadottir.com eða í síma 8635490.



Laugalandsskóli í Holtum auglýsir eftir starfsfólki í eftirfarandi stöðu: Stuðningsfulltrúi / Skólaliði 100 % starf

Óskað er eftir einstakling sem eru tilbúin að starfa við fjölbreyttar aðstæður bæði inni og úti. Starfið er mjög fjölbreytt þar sem áhersla er lögð á mannleg samskipti bæði við börn og fullorðna. Stuðningsfulltrúi er m.a. kennara til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði nemenda; félagslega, tilfinningalega, námslega og í daglegum athöfnum.

Viðkomandi verður að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Jónas Bergmann Magnússon skólastjóri í síma 8699010. Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar og skal senda umsóknir ásamt starfsferilskrá í tölvupósti á netfang skólastjóra; jonas@laugaland.is Öllum umsóknum verður svarað. Starfið hentar öllum kynjum. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

LAUGALANDSSKÓLI
HOLTUM

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Pórarins Snorrasonar
Vogsósum II, Selvogi,

Sérstakir þakkir til kórs Þorlákskirkju fyrir sýndan hlýhug. Við viljum einnig þakka starfsfólki HSU og LSH fyrir fyrir góða umönnun.

Elísabet Þórarinsdóttir
Snorri Ó. Þórarinsson
Friðrik Þórarinsson
Eiríkur Þórarinsson
Kristín A. Þórarinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Bryndís Jónsdóttir

FSRE
AÐSTAÐA Í ALLRA ÞÁGU

HEILSUGÆSLA Í UPPSVEITUM SUÐURLANDS - LEIGUHÚSNÆÐI

6090220 Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir f.h. ríkissjóðs óska eftir að taka á leigu húsnæði fyrir starfsemi heilsugæslu í Uppsveitum Suðurlands.

Miðað er við að húsnæðið verði tekið á langtímaleigu til 15 ára, fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar. Gerð er krafa um staðsetningu innan starfssvæðis Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í Uppsveitum Suðurlands sbr. fylgiskjal 2, þannig að hún sé heppilega staðsett m.v. aðrar starfsstöðvar heilsugæslna á Suðurlandi. Það skal vera gott aðgengi þ.m.t. fyrir hreyfihamlaða, hjólandi, gangandi, sjúkrabíreiðar og næg bílastæði.

Heilsugæsla í Uppsveitum Suðurlands veitir samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu sem grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar, heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi. Því skiptir staðsetning húsnæðisins, þ.e. nálægð við þéttbýli og helstu stofnbrautir, miklu máli við staðarval.

Húsrýmisþörf er áætluð um **330 - 380 fermetrar fyrir heilsugæslu.**

Húsrýmisþörf fyrir íbúð er **40 fermetra.**

Nánar um aðrar kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar á www.utbodsvefur.is þriðjudaginn **9. janúar 2024.**

Við mat á hagkvæmni tilboða verður m.a. tekið tillit til leiguverðs, stærðar húsnæðis og skipulags þess út frá fyrirhugaðri nýtingu, öryggis, afhendingartíma, staðsetningu og aðkomu.

Fyrirspurnir varðandi verkefnið **Heilsugæsla í Uppsveitum Suðurlands**, skulu sendar á netfangið leiguhusnaedi@fsre.is.

Fyrirspurnarfrestur rennur út **15. janúar 2024** en svarfrestur er til og með **19. janúar, 2024.**

Leigutilboð skal senda á leiguhusnaedi@fsre.is, eigi síðar en **kl. 13:00 miðvikudaginn 31. janúar 2024.**

Merkja skal tilboðin; nr. 6090220 - Heilsugæsla í Uppsveitum Suðurlands - Leiguhúsnæði

Leiga á grundvelli þessarar auglýsingar er undanskilin lögum um opinber innkaup nr. 120/2016, sbr. a. lið 1. mgr. 11. g.

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



Viltu vekja
athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í blaðið
og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA
FEBSEL

Opin fimmtudaginn
11. janúar kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS

Fim. 11. janúar kl. 14:45.
Myndlistarfélag Árnesinga
kynnir starfsemi sína.
Kvenfélagið annast
kaffi að venju.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

TIL SÖLU

Garn til sölu

Garn og peysa til sölu á 18.000
kr. Upplýsingar í síma 692 3220.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

KIRKJA

Selfosskirkja

Messa sunnudaginn 14. janúar
kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur,
organisti Edit A. Molnár, prestur
Guðbjörg Arnardóttir.

Sunnudagaskóli á sama tíma
kl. 11:00, umsjón Sjófn, Dóra og
Katrín.

Morgunbænir þriðju-, mið-
viku- og fimmtudaga kl. 9:15.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Samkoma, sunnudagaskóli og
kaffiveitingar sunnudaginn 14.
janúar kl. 11:00 í Hvítasunnu-
kirkjunni Selfossi, Austurvegi
40B. English translation avail-
able. Allir innilega velkomnir.
www.selfosgospel.is.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi verður laugardag-
inn 13. janúar kl. 11-12 að
Eyravegi 15. Sérstakur gestur
er Gunnar Ásgrímsson for-
maður ungra. Allir velkomnir.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlun

Jákvæðar
hugsanir breyta
deginum

Ragnhildur
Sigurðardóttir
Farsími
693 2197
ragnhildurgagga.is



Cand.mag. í íþróttaræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddameistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Dreifingu fjölpósts hætt



Íslandspóstur ákvað að hætta
alfarið að dreifa fjölpósti við
upphaf árs 2024. Fyrir fjórum
árum var hætt að dreifa fjölpósti
á suðvesturhorni landsins. Íbúar
á því svæði urðu þó ekki varir
við það enda er þar virk sam-
keppni um verkefnið og önnur
fyrirtæki tóku að sér að dreifa
fjölpósti. Það má hins vegar ætla
að víða í dreifbýli og á minni
þéttbýlisstöðum muni enginn
grípa boltann. Því muni íbúum
ekki lengur berast fjölbreytt efni
sem hingað til hefur verið dreift
með fjölpósti.

Pósturinn segir í tilkynningu
að þessi ákvörðun sé í takt við
umhverfisstefnu Póstsins og þar
með sé verið að draga úr sön
og losun kolvísýrings. Vissu-
lega er það þannig að þeim
fækkar sem senda frá sér fjöl-
póst en nýta þess í stað rafræna
miðla til að koma upplýsingum
á framfæri. Það er þó erfitt að
koma auga á umhverfisábatá þar
sem landpóstar munu eftir sem
áður keyra um dreifbýlið tvisvar
í viku.

Sparnaður á kostnað íbúa í
dreifbýli eða tekjutap póstsins?

Það er ekki nóg að vísa til um-
hverfisstefnu þegar kemur að
slíkri þjónustuskerðingu á lands-
byggðinni. Í nóvember fóru full-
trúar Framsóknar í umhverfis og
samgöngunefnd Alþings fram á
að nefndin óskaði eftir frekari
upplýsingum um forsendur
ákvörðunar Íslandspóst, um að
hætta alfarið dreifingu fjölpósts
þann 1. janúar 2024. Nefndin
óskaði í framhaldi eftir upplýs-
ingum um hvað þessi ákvörðun
myndi spara félaginu, annars
vegar við að hætta dreifingu
fjölpósts í dreifbýli og hins veg-
ar í þéttbýli með 1000 eða færri
íbúum. Svárið sem barst var að
fyrirtækið sjái ekki ástæðu til að
taka saman þær upplýsingar sem
beðið var um og vísar til þess
að um sé að ræða upplýsingar
sem Alþingi eigi ekki rétt á þar
sem fyrirtækið væri nú opinbert
hlutfélag.

Í tengslum við fyrirspurnina
bendir Íslandspóstur á að dreif-
ing fjölpósts fellur ekki undir
alþjónustu, sem Íslandspósti er
skylt að veita um land allt skv.
lögum. Ákvörðun um hvort
dreifa eigi fjölpósti eða ekki,
hvort sem er á höfuðborgar-
svæðinu, þéttbýli eða dreifbýli
á landsbyggðinni er því í öllum
tilvikum rekstrarleg ákvörðun
sem tekin er af stjórn og stjórn-
endum félagsins. Þessi ákvörð-
un félagsins sætir því engri
sérstakri ytri skoðun, og gildir
þá einu hvort um er að ræða
Byggðastofnun eða Alþingi.

Dreifum gleðinni

Eitt að slagorðum Íslandspósts
er „Dreifum gleðinni“ og hlut-
verk hans er að tengja fólk, fyr-
irtæki og samfélög. Samkvæmt
lögum veitir Íslandspóstur
viðskiptavinum alhliða póst-
þjónustu, óháð staðsetningu og

framtidarsýnin er að vera fyrsta
val viðskiptavina með því að
veita framúrskarandi þjónustu.
Íslandspóstur er opinbert fyrir-
tæki og starfar undir lögum um
póstþjónustu. Skylda Póstsins er
að veita alþjónustu sem nær til
bréfa allt að 2 kg og pakka allt
að 10 kg innan lands. Þannig að
dreifing fjölpósts fellur ekki þar
undir. Eftir breytingarnar verður
eftir sem áður hægt að senda
markpóst, t.d. bæklinga og aug-
lýsingarefni, sem almennt bréf
en hann mun þá lúta skilmálum
bréfa varðandi verðskrá, dreif-
ingarplan og nafnamerkingu
og kostar því bæði meira að
undirbúa sendingar og dreifa
þeim. Íslandspóstur dreifir því
„fjölpósti“ en gjaldskráin hefur
hækkað að því marki að það
borgar sig varla að nýta sér þá
þjónustu þar sem kostnaðurinn
eykst um allt að 600%.

Gleðin daprast þegar ákvörð-
unin kemur sannarlega niður á
þeirri þjónustu sem Pósturinn
hefur veitt s.s. við dreifingu hér-
aðsréttamiðla og Bændablaðs-
ins. Það fer að þrengjast um
rekstur slíkra miðla þegar það
svarar engan veginn kostnaði að
dreifa þeim til lesenda og ólík-
legt að þeir nýti póstin til þess
áfram. Hvort skyldi ríkisjóður
nú þurfa að greiða minna eða
meira með rekstri Íslandspósts
eftir þessa ákvörðun?

Dreifum menningu
og upplýsingum

Það er staðreynd að bréfaþjón-
usta hefur fækkað mikið en það má
ekki koma niður á þeirri þjón-
ustu sem er þó enn nýtt. Það er
mikilvægt hlutverk póstsins að
tengja fólk, fyrirtæki og sam-
félög og veita þjónustu óháð
staðsetningu. Að tengja saman
fólk og samfélög er að miðla
upplýsingum og fréttum það er
m.a. gert með svæðisbundnum
miðlum. Félagssamtök gefa
einnig út blöð og bæklinga og
svo ekki sé talað um blöðunga
sem er dreift fyrir kosningar. Þar
eru mikilvægir upplýsingar sem
þurfa að komast til fólks.

Það er mikilvæg að dreifa
gleðinni, upplýsingum og frétt-
um. Pósturinn hefur staðið sig
vel í því hlutverki í aldir og það
er mikilvægt að missa ekki sjón-
ar af því. Pósturinn þarf líka að
svara því hvað þessi ákvörðun
skiptir miklu í rekstrarlegu tilliti
og hvað sparast í útbæstri við
ákvörðunina. Við hin getum al-
veg reiknað út hvað þetta þýðir
í þjónustuskerðingu fyrir hinar
dreifðu byggðir.

Halla Signý Kristjánsdóttir og
Línéik Anna Sævarsdóttir,
þingmenn Framsóknar.

Heillandi heimur sem hægt er að týna sér í segir lestrarhesturinn Vivian Guðrúnardóttir

Vivian Guðrúnardóttir er 28 ára og uppalin í Reykjavík en býr nú Selfossi ásamt kettinum sínum. Draumur hennar hefur lengi verið að skrifa sögur og gefa út bækur en hún hefur einnig alltaf haft mikinn áhuga á ferðalögum og rekur YouTube rás þar sem hún deilir ferðalögum sínum. Hvort sem ferðalagið er á stað í raunveruleikanum eða í skálduðum heimi. Vivian kann best við sig á óþekktum slóðum.

Hvaða bækur ertu að lesa núna?

Byrjaði fyrir stuttu að hlusta á No Longer Human eftir Osamu Dazai en er enn bara búin með fyrsta kaflann. Kom nýlega heim eftir þriggja vikna ferð til Japans og fyrir ferðina ákvað ég að hlusta á japanskar bækur á meðan ég tek mér göngu-túra. Fyrsta bókin sem ég hlustaði á var Norwegian Wood eftir Haruki Murakami sem var búin að vera á listanum mínum í þó nokkurn tíma og hún greip mig alveg svakalega. Sló mjög fast á tilfinningastrengina frá kafla eitt og til enda.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Ég get lesið hvað sem er eins lengi og sagan og heimurinn í kringum hana ná að heilla mig. Hvort sem það eru fantasíur, vísindaskáldsögur, hrollvekjur, eða skáldaðar ævisögur líkt og No Longer Human eða Norwegian Wood sem eiga sér stað í raunveruleikanum. Ætli það séu ekki bara skemmtilegar sögur og persónur ásamt áhugaverðum staðsetningum sem höfða til mín. Finnst fátt betra en heillandi heimur sem hægt er að týna sér í.

Ertu alin upp við lestur bóka?

Ég átti mikið af barnabókum í æsku og það var mikið lesið fyrir mig, oftast var það rétt

fyrir háttinn. Ég var mjög fljót að læra að lesa en með tímanum minnkaði lesturinn svolítið fyrir utan lestur þeirra bóka sem ég las fyrir skólann. Það var síðan á unglingsárunum sem ég byrjaði að lesa mér meira til skemmtunar og las fleiri bækur með hverju ári sem leið.

Segðu aðeins frá lestrarvenjum þínum.

Í mörg ár taldi ég mig þurfa að hafa alvöru bók í höndunum en það hefur breyst nýverið. Því meira sem ég byrjaði að einbeita mér að skrifa sjálf fór ég að lesa minna og minna en datt svo í hug að hljóðbækur væru kannski lausnin við því. Ég reyni að taka mér daglega göngutúra og ákvað að skipta tónlist út fyrir bækur og sé alls ekki eftir því. Þá fóru göngutúrnir að verða lengri

því ég vil eðlilega klára heilan kafla áður en ég hætti göngunni. Stundum þegar einn kafla er að nálgast tvær klukkustundir í lengd hugsuð bara: „Jæja, fæturnir mínir munu öskra á mig á morgun en þeir verða bara að þola þetta.“ Það hefur samt verið erfitt að koma mér í göngu í desemberkuldunum. Ég forðaðist hljóðbækur í nokkurn tíma. Ég þekki fólk sem hlustar á hljóðbækur meðan það gerir eitthvað annað. En ég hélt að ef ég væri að gera eitthvað annað myndi ég missa einbeitingu á efni bókarinnar. Svo ef ég væri ekki að gera neitt hélt ég að ég myndi bara sofna. Eins og gerðist þegar ég reyndi að hlusta á bók í fluginu heim frá Japan. En hljóðbók og göngutúr eru hin fullkomna blandan fyrir mig.

Áttu þér uppáhalds höfundu eða uppáhalds verk?

Þetta er spurning sem ég á erfitt með að svara. Einu sinni hefði ég sagt Aldous Huxley en ég hef í raun bara lesið tvær bækur



eftir hann Brave New World og Doors of Perception (sem er meira ritgerð en bók). Annars hef ég einnig haft mjög gaman af því lesa bækur eftir Douglas Adams, Stephen King, Clive Barker, Richard Matheson og ég á án efa eftir að lesa meira eftir Haruki Murakami.

Hefur bókalestur einhvern tíma rænt þig svefni?

Svo sannarlega. Nýlegt dæmi væri Don Quixote sem er bæði risastór og eldgömul. En hún er skemmtilega skrifuð og mjög myndin. Því miður á ég ennþá eftir að klára hana, datt alveg út eftir að ég flutti rétt fyrir áramótin í fyrra. En ég ætla mér að taka hana upp aftur við tækifæri og hef alls ekki sett hana niður fyrir fullt og allt.

En að lokum Vivian, hvernig bækur myndir þú skrifa sjálf?

Bókin sem ég er að skrifa núna er persónudrífín saga sem á sér stað í dystopíu og fjallar um fólk sem upplifir sig sem misheppnað og vill finna sinn stað í heimi sem vill ekkert með þau gera. Fyrir mér er þetta mjög persónuleg saga enda er mikið af henni byggð á mínum eigin upplifunum í sambandi við þunglyndi og kvíða. Sagan hefur mallað í höfðinu á mér í mörg ár og farið í gegnum miklar breytingar en ég vona að á endanum nái ég að heilla lesendur með mínum heimi líkt og aðrir höfundar hafa heillað mig með þeirra.



ADALSKOÐUN

Nýtt ár, nýr miði!



Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996



Útboð

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í verkið:

SLÁTTUR OG HIRÐING Í HVERAGERÐI

Verkið felur í sér slátt og hirðingu á tilgreindum verkstöðum í Hveragerði. Markmiðið er að grassvæði séu ávallt vel hirt og snyrtileg.

Verktímabil er 18 vikur frá fyrsta mánudegi maí-mánaðar hvert ár sem verksamningurinn nær yfir.

Verkið er boðið út til tveggja ára með möguleika á framlengingu til eins árs.

Umhirðustig eru eftirfarandi:

1. stig - svæði slegin á 7 daga fresti.
2. stig - svæði slegin á 14 daga fresti.
3. stig - svæði slegin á 30 daga fresti.

Helstu magntölur eru áætlaðar:

- 1. stig: 24.000 m²
- 2. stig: 60.000 m²
- 3. stig: 65.000 m²

Útboðsgögn verða afhent í tölvupósti frá og með 4. janúar 2024. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Björn Skúlason hjá Eflu á Suðurlandi með tölvupósti á netfangið bjs@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang og símanúmer og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20, 810 Hveragerði fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 31. janúar 2024. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila því inn.

Bæjarstjórinn í Hveragerði

Róbert Karl og blýanturinn í Galleríinu undir stiganum

Mánudaginn 8. janúar opnaði ný sýning í Galleríinu undir stiganum í Þorlákshöfn. Að þessu sinni sýnir Þorlákshafnarbúinn Róbert Karl Ingimundarson blýantsteikningar. Myndirnar á sýningunni eiga sumar fyrirmyndir í raunveruleikanum en aðrar eru hugasmíð Róberts.

Sýningin stendur út janúarmánuð og eru allir velkomnir.





Mynd: Rangárbæing eystra.

Elvar Þormarsson er knapi ársins 2023

Elvar Þormarsson er knapi ársins 2023. Þetta var kunn-
gjört þegar afhending viður-
kenninga sérsambanda ÍSÍ fór
fram fimmtudaginn 4. janúar á
Hilton hótelinu í Reykjavík.

Í umsögninni um Elvar segir:
Árangur Elvars á árinu 2023 var
ótrúlegur. Hæst ber að nefna
einstakan árangur á Heims-
meistaramótinu í Hollandi 2023
þar sem hann og Fjalladís áttu
frábæra spretti í gæðingaskiði
og hlutu einkunnina 8,92 sem
tryggði þeim heimsmeistara-
titilinn. Þau sigruðu einnig
250 m skeið í eftirminnilegum

lokaspretti og eru því tvöfaldir
heimsmeistarar. Þá áttu þau
glæsilega spretti í 100 m skeiði
sem skilaði þeim 4. sæti. Hreint
út sagt frábært heimsmeistara-
mót hjá þeim. Elvar og Fjalladís
unnu einnig gæðingaskiði á Ís-
landsmótinu í þriðja skipti með
einkunnina 9,0.

Elvar Þormarsson er einstakur
afreksknapi, sönn fyrirmynd
fyrir elju sína, jákvæðni og fag-
mennsku í hvívetna og hlýtur
hann því nafnbótina Knapi árs-
ins 2023.

Rangárbæing eystra

Ólafur Elí sæmdur gullmerki ÍSÍ

Fimmtudaginn 4. janúar sl.
var íþróttaeldhugi ÍSÍ út-
nefndur og meðal þriggja til-
nefndra var Ólafur Elí Magnú-
sson. Þótt ekki hlyti hann útnef-
ninguna að þessu sinni þá er hann
sannarlega mikill eldhugi og átti
tilnefninguna virkilega skilið.

Við sama tækifæri var Ólafur
Elí sæmdur gullmerki ÍSÍ en
Gullmerkið er veitt þeim sem
hafa um árábil unnið öflugt starf
fyrir ungmennafélagsshreyfing-
una.

Rangárbæing eystra



Ólafur Elí Magnússon og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands. Mynd: Rangárbæing eystra.

prentmet **ÓDDI**
heilðarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

Sprettur
ÁBURÐUR
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppehreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

HSH
þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,
Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792-1727 eða
hshflutningar@gmail.com

Ökukennsla
Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll
Mynd: Rangárbæing eystra.

BRÁÐ AF
VINATTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert
kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem
fagmennirnir vinna
★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símerki o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Vilmundur
Guðmundsson Sigurðsson
Sími 694 4922 Sími 779 6777

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980